



Námskrá 7. bekkur 2018-2019

Upplýsinga- og tæknimennt

Upplýsinga- og tæknimennt: Náms sviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Einnig felst í upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi.

Við skipulagningu námsins skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi, sem náms sviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

Vinnulag: Í faginu er lögð áhersla á að samþætta kennslu við aðrar námsgreinar auk þess að kenna nemendum forritun, fingrasetningu, ritvinnslu, töflureikning, myndvinnslu og ýmis verkefni sem við á hverju sinni. Helstu kennsluaðferðir eru verkleg kennsla, leitaraðferðir, umræðu- og spurnaraðferðir, þulunám- og þjálfunaræfingar og þrautalausnir.

Námsmat: Verkefni og símat. Upplýsingum um námsmat er haldið til haga í Mentor og á gátlistum. Nemendur fá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem matsviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.

Kennarar: Unnur Jónsdóttir

Tímaáætlun: 2 kennslustundir (80 mínútur) aðra hverja viku allan veturinn.

Grunnþættir menntunar í 1. – 10. bekk

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> • öðlist skilning á þeim áhrifum sem fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan, • áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði • þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd. • læri rétta líkamsbeitingu, • skilur að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli sem hann eflir alla ævi, bæði í námi og starfi.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> • virðir jafnan rétt einstaklinga • fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, • fái jöfn tækifæri til sköpunar.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> • getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika, • ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins, • tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð, • virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýna víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • sé læs á upplýsinga- og miðlaæsi, • þekki til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins, • geti lagt mat á og rýnt margvíslega texta og mismunandi miðla.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • getur tekist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags, margvísleg álitamál og ágreiningsefni, • geri sér grein fyrir eigin velferð og annarra í samskiptum á veraldarvefnum, • þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun og setja sig í spor annarra, • geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á samfélagsmiðlum.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • nýti tæknina á jákvæðan og skapandi hátt, • virki hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir, • nýtir ímyndunaraflíð til að leika sér með ýmsa möguleika á samskiptamiðlum, • geti komið frá sér efni á sem fjölbreytilegastan hátt.

Upplýsinga- og tæknimennt við lok 7.bekkjara:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	B matsviðmið Nemandi getur:
<p>Vinnulag og vinnubrögð</p> <ul style="list-style-type: none"> nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum, nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinna með öðrum, nýtt sér mismunandi tækniþúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt, beitt réttri fingrasetningu. 	<ul style="list-style-type: none"> Typing Master Kennsluefni sem kennari útbýr Publisher Excel Spjaldtölvur Veraldarvefurinn Google Classroom Google Drive 	<ul style="list-style-type: none"> Verkleg kennsla Leitaraðferðir Umræðu- og spurnaraðferðir Þulunám og þjálfunaræfingar Þrautalausnir Nemendur æfa markvisst fingrasetningu yfir skólaárið Nemendur læra grunnatriði í töflureikninum Excel Nemendur halda áfram þar sem frá var horfið í 6.bekk í forritun Nemendur vinna samþættingarverkefni í samfélagsfræði í Publisher þar sem Evrópa er þemað Nemendur læra forritun með Lego Mindstorms vélmennum Nemendur læra ýmis grundvallaratriði við tölvuvinnslu 	<p>Óformlegt leiðsagnarmat til einstaklinga í hverjum tíma.</p> <p>Kennari fyllir inn í gátlista eftir hvern tíma eða eins og við á hverju sinni.</p> <p>Nemendur fá einkunn fyrir verkefni.</p> <p>Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem matsviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.</p>	<p>Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem matsviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.</p> <p>A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>B+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.</p> <p>B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>C+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B. C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af</p>
<p>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</p> <ul style="list-style-type: none"> nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarrélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi, nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt, verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga, unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá, nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða, nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum. 	<ul style="list-style-type: none"> Veraldarvefurinn Excel Publisher 			

<p>Tækni og búnaður</p> <ul style="list-style-type: none"> • nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna, • nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu, • nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Excel • Code.org 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur ræða jafnt og þétt yfir skólaárið um ábyrga tölvunotkun. • Nemendur fá upplýsingar um verkefni og skila verkefnum á Google Classroom. Aðstandendur geta fengið aðgang þar inn er óskað er. • 		<p>hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>
<p>Sköpun og miðlun</p> <ul style="list-style-type: none"> • rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi, • nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Code.org • Excel • Saft.is 			
<p>Siðferði og öryggismál</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu, • farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti og netmiðlum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Saft.is • Publisher 			